

**Ávarp forsetafrúar
Elizu Reid
á ráðstefnu
Samtaka sjálfstæðra skóla
„Sköpum framtíðina“
3. mars 2017**

Góðan dag, góðir gestir.

Þakka ykkur fyrir að bjóða mér að ávarpa ársfund ykkar með skólafólki. Og ég þakka ykkur jafnframt fyrir það dýrmæta starf sem þið vinnið með því að skapa jákvætt, auðgandi og örvandi umhverfi fyrir börnin.

Eins og mörg ykkar vitið sjálfsagt á ég fjögur börn á aldrinum þriggja til níu ára. Og þið vitið sjálfsagt líka og heyrið að ég er ekki innfæddur Íslendingur. Ég ólst upp í Kanada þannig að ég hef kynnst íslenska menntakerfinu aðallega í gegnum skólagöngu barna minna. Sú reynsla hefur verið mjög jákvæð.

Ég verð að játa að þó að ég viti af starfsemi sjálfstæðra skóla og leikskóla, sem aðild eiga að samtökum ykkar, get ég ekki tjáð mig um hana á grundvelli persónulegrar reynslu; en það er vissulega af hinu góða að sem foreldrar eigum við ýmsa valkosti þegar við tökum ákvarðanir um skólagöngu þeirra sem standa hjarta okkar næst, barnanna okkar.

Sjálfstæðir skólar bjóða upp á margskonar nálgun og mismunandi skólastefnur. Það er að mínu mati heilbriggt að á Íslandi felur það að senda börnin sín í einkarekinn skóla ekki í sér að viðkomandi tilheyri sérstakri stétt eða hópi hinna efnameiri; hér byggist slíkt val frekar á því að forráðamenn barnsins líta uppeldisstefnu skólans jákvæðum augum. Þessir sjálfstæðu skólar hafa sumir sérstakar áherslur, sérstök sjónarmið um aðskilnað kynja í skólastarfinu eða áherslu á erlend tungumál og ég þakka ykkur fyrir að bjóða okkur foreldrum alla þessa valkosti.

Þegar ég var að hugleiða hvað ég ætti að segja hér í dag talaði ég við vini og kunningja sem eiga börn í sjálfstæðum skólum og leikskólum. Umsagnir þeirra voru allar jákvæðar. Einn nefndi til dæmis að áhersla á alþjóðlegt námsefni væri gagnleg fyrir nemendur sem hygðust fara utan til náms í framtíðinni. Annar viðmælandi nefndi að skólinn héldi vel utan um nemendur

og að fámennir bekkir stuðluðu að sterkum vináttuböndum milli barnanna og auðvelduðu þeim að stunda námið með þeim hraða sem hæfði hverjum og einum. Einnig var nefnt að það væri jákvætt að skóli hefði skýra stefnu, slíkt yki gagnsæi og auðveldaði fólki að skilja verklag skólans.

Sumir nefndu lága starfsmannaveltu sem jákvæðan þátt, áhugasama foreldra, góðan starfsanda meðal kennara og allt þetta hefur auðvitað góð áhrif á ánægju bæði nemenda og starfsmanna. Loks var nefnt að boðskipti milli foreldra annars vegar og kennara og skólastjórnenda hins vegar væru greið.

Auðvitað er ekkert kerfi fullkomið og ég þykist vita að þið vinnið öll að stöðugum umbótum en eins og þið heyrið fengu sjálfstæðu skólarnir almennt talað mjög góðar umsagnir þegar ég spurðist fyrir um þá. Þið hafið ríka ástæðu til að vera stolt af skólunum ykkar.

Samtök sjálfstæðra skóla fara stækkandi og er það til marks um að ótvíræð þörf er fyrir þessa starfsemi á Íslandi.

Ég held að almenna skólakerfið í landinu haldi áfram að vera öflugt og það er að sjálfsögðu mjög ánægjulegt. En við ættum á sama hátt að vera þakklát fyrir starf sjálfstæðu skólanna þar sem sannarlega er leitast við að skapa börnum eins þroskandi umhverfi og frekast er unnt.